

**Nd.**

**528. Nefndarálit**

**[63. mál]**

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 24 29. apríl 1958, um viðauka við lög nr. 23 27. júní 1921, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til athugunar og sent það til umsagnar nokkurra aðila, sem mæla með samþykkt þess.

Erindi barst frá sjávarútvegsmálaráðuneytinu með ósk um, að nefndin flytti breytingartillögu við frv. þess efnis, að niður falli síðari málslíður 3. gr. laganna, sem hljóðar svo: „Þau skulu ákveðin árlega og miðast við áhættu samkvæmt reynslu þriggja næstliðinna ára.“ Telur nefndin rétt að mæla með þessari brtt., sbr. 2. brtt. á þessu þskj.

Um aðrar breyt. eru nefndarmenn einnig sammála og mæla með samþykkt frv. með svofelldum

**BREYTINGUM:**

1. 1. gr. orðist svo:

Aftan við 1. gr. laganna komi:

Súðbyrt skip er eigi skylt að váttryggja gegn bráðafúa.

Eigi er skylt að váttryggja gegn bráðafúa skip, sem vegna ágalla hefur ekki haffærisskírteini, enda leiði skoðun í ljós, að ekki sé útlit fyrir, að gert verði við skipið, eða að viðgerð hafi ekki hafizt innan eðlilegs tíma. Þegar svo stendur á, skal Samábyrgðin segja tryggingu skipsins upp, en tilkynna skal það veðhöfum með 14 daga fyrirvara.

2. Í stað 3. gr. frv. komi ný grein, er hljóði svo:

1. málsg. 3. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra ákveður iðgjöldin í samráði við Samábyrgðina.

3. 4. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði þeirra koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 1966.

Alþingi, 19. apríl 1966.

Birgir Finnsson,  
form.

Jón Skaftason.

Pétur Sigurðsson,  
fundaskr., frsm.

Gísli Guðmundsson.  
Sverrir Júlíusson.

Lúðvík Jósefsson.

Sigfús J. Johnsen.